

<b>Styrkumsóknir til borgarráðs 2016</b>							
	<u>Tengiliður</u>	<u>Efni</u>	<u>Dags. bréfs</u>	<u>Sótt um kr.</u>	<u>Sótt um áður</u>	<u>Tillaga að styrk</u>	<u>Málsnr.</u>
<b>1</b>	<b>Elísabet Indra Ragnarsdóttir</b>	mengi(berlin) - Creative and experimental cities 14. október 2016 - 11. janúar 2017	23.9.2016	<b>1.000.000</b>		<b>250.000</b>	R16090175
<b>2</b>	<b>Rut Ingólfssdóttir</b>	Skráning á sögu Kemmersveitar Reykjavíkur	23.9.2016	<b>800.000</b>		<b>250.000</b>	R16090160


From: "[indrasteinn@gmail.com](mailto:indrasteinn@gmail.com)" <[indrasteinn@gmail.com](mailto:indrasteinn@gmail.com)>

Date: Fri, Sep 23, 2016 at 11:06 AM +0000

Subject: Umsókn um stuðning frá Borgarráði til sýningarinnar og verkefnisins Mengi(berlin) - creative and experimental cities

To: "Sigurður Björn Blöndal" <[sbb@reykjavik.is](mailto:sbb@reykjavik.is)>

Heill og sæll Björn

Dagana 14. október, 2016 til 11. janúar, 2017 verður sett upp í Fellesthus, sameiginlegu sýningarrými Norrænu sendiráðanna í Berlín, sýningin Mengi(berlin) - creative and experimental cities.

Um er að ræða sýningu á listaverkum sem tengjast viðburðahaldi og útgáfustarfi Mengis, menningarhúss við Óðinsgötu 2, 101 Reykjavík en sýningin er haldin af Mengi í samstarfi við Sendiráð Íslands í Berlín. Frumkvæðið að sýningunni kom frá Sendiráðinu í Berlín sem hafði samband við Mengi með það fyrir augum að veita innsýn í grósku íslenskrar tilraunasenu og miðla í leiðinni sögu og starfi Mengis sem nú hefur verið starfrækt í þrjú ár og haldið úti afar öflugri og áhugaverðri dagskrá. Hér hefur framsækinni og tilraunakennndri list úr ólíkum áttum verið haldið á lofti, Mengi hefur átt í samstarfi við velflestar listahátíðir borgarinnar sem og við Listaháskóla Íslands og haldið úti tónlistartilraunasmiðjum fyrir börn, svo eitthvað sé nefnt.

Á því þriggja mánaða tímabili sem sýningin stendur yfir í Berlín verða haldnir ótal tónleikar auk leik- og kvikmyndasýninga þar sem fram koma margir af áhugaverðustu listamönnum þjóðarinnar. Að auki verða haldin málþing, vinnustofur og ráðstefnur þar sem sjónum verður beint að Reykjavík og Berlín sem menningarborgum og vöggju skapandi listgreina en á undanförunum árum hafa íslenskir listamenn í síauknum mæli sest að í Berlín og haft áhrif á listasenu þar í borg og drukkíð í sig næringuna sem þar er að finna.

Við erum stolt yfir því að hafa verið beðin um að vera nokkurs konar sendiherrar menningarlífsins í Reykjavík á þennan hátt og vonumst auðvitað til að með sýningunni verði vakin athygli á því blómlega, áhugaverða og róttæka menningarlífi sem Reykjavík hefur upp á að bjóða. Sýning og viðburðahald af þessu tagi er hins vegar afar kostnaðarsamt og kostnaður Mengis af sýningunni og viðburðunum er umtalsverður án þess að við gerum okkur von um fjárhagslegan ávinning af verkefninu. Þess má og geta að fjölmargir sjálfboðaliðar af Mengis hálfu munu starfa við sýninguna. Sýningin og viðburðirnir verða vel kynntir í gegnum prentað efni (plaköt, bæklinga og póstort), í gegnum samfélagsmiðla og fjölmiðla en ráðinn hefur verið almannatengslafulltrúi sem mun sjá til þess að sýningin og allt henni tengt fái sem víðtækasta umfjöllun í Berlín.

Við sækjum því um fjárhagslegan stuðning frá Borgarráði til verkefnisins. Þar sem fyrirvarinn á verkefninu var stuttur og ekki var ljóst fyrir en í ágústbyrjun, 2016, að af sýningunni og viðburðunum yrði sendum við umsókn inn núna með von um jákvæðar undirtektir.

Styrktaraðilar auk Mengis og Sendiráðs Íslands í Berlín eru Flugfélagið WOW air og ÚTÓN en að auki hefur verið sótt um styrk til Íslandsstofu fyrir verkefninu. Aðrir samstarfsaðilar eru Michelberger Hotel, Morr Music, tónlistarbloggsíðan Jajaja, Oslo Kaffébar, Crack Magazine og fleiri en nánar má glöggva sig á samstarfsaðilum í meðfylgjandi gögnum.

Við sækjum um eina milljón króna, 1.000.000, til að standa straum af kostnaði við framleiðslu sýningarinnar *Mengi(berlin) - creative and experimental cities* og viðburðum henni tengdri. Við myndum að sjálfsögðu geta þess að borgin kæmi að því að styrkja sýninguna.

Meðfylgjandi eru ítarlegri upplýsingar um sýninguna, viðburði og styrktaraðila, bæði á íslensku (**23092016 mengi(berlin)**) og ensku (**MENGI(berlin)**).

Í Cc eru Bjarni Gaukur Sigurðsson, eigandi Mengis og Elsa Yeoman, formaður Menningar- og ferðamálaráðs.

Hikið ekki við að hringja eða hafa samband ef eitthvað er óljóst í erindinu.

Með kærri kveðju og von um jákvæð viðbrögð.

Elísabet Indra Ragnarsdóttir

[indra@mengi.net](mailto:indra@mengi.net)

[indrasteinn@gmail.com](mailto:indrasteinn@gmail.com)

## **Mengi(berlin)** **creative and experimental cities**

### **Um verkefnið**

Í þrjá mánuði, frá 14. október 2016 til 12. janúar, 2017 mun standa yfir í Fellehus í Berlín, sýningin Mengi(berlin) - creative and experimental cities. Sýningin er samstarfsverkefni Mengis, listhúss við Óðinsgötu 2 í Reykjavík og Sendiráðs Íslands í Berlín en Fellehus sem mun hýsa sýninguna er sameiginlegt sýningarými Norrænu sendiráðanna í Berlín, þangað leggja leið sína daglega um 200 manns.

Á sýningunni verða til sýnis listaverk og plötur sem hafa orðið til í tengslum við starf Mengis sem var opnað í desember 2013, um er að ræða verk eftir Söru Riel, Ingu Birgisdóttur, Orra Jónsson, dj. flugvél og geimskip og fleiri. Á meðan á sýningunni stendur verða haldnir tónleikar, kvikmyndasýningar, leiksýningar, ráðstefnur, málþing og vinnustofur í Fellehus. Á meðal listamanna sem fram munu koma eru leikhópurinn Kriðpleir og hljómsveitin amiina, tónlistarmennirnir dj. flugvél og geimskip, Hildur Guðnadóttir, Nordic Affect, Skúli Sverrisson og fleiri.

Með sýningunni og viðburðunum er ætlunin að vekja athygli á Reykjavík sem gróskumikilli menningarborg, á starfsemi Mengis sem nú hefur verið starfrækt í um þrjú ár þar sem boðið hefur verið upp á hundruð áhugaverðra listviðburða og koma á framfæri og tengja nokkra af áhugaverðustu listamönnum þjóðarinnar við Pýskalandsmarkaðinn. Auk listviðburða verður boðið upp á vinnustofur, ráðstefnur og meira sem viðkemur menningar- og listalífi í Reykjavík og Berlín.

Framkvæmdastýrir í Berlín eru Anna Rut Bjarnadóttir og Dóra Hrund Gísladóttir. Í Reykjavík koma að verkinu Bjarni Gaukur Sigurðsson, Elísabet Jónsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Ragnheiður Elísabet Þuríðardóttir.

### **Markaðsstarf og kynning**

Vakin verður athygli á sýningunni og viðburðunum á ýmsan hátt. 2000 plakötum, 1000 póstkortum og 1000 bæklingum verður dreift um Berlín, á kaffihús, bari, veitinga- og tónleikastaði og víðar; almannatengillinn Nicolina Claeson frá Hustle PR mun sjá um að fá fjölmiðlamenn í Berlín og í Pýskalandi til að fjalla um sýninguna og dagskrána, Crack Magazine og i-D magazine verða samstarfsaðilar og munu fjalla um viðburði og sýningu í miðlum sínum. Viðburðir og sýning verða einnig kynnt á samfélagsmiðlum verkefnisins, á Facebook, Instagram og Twitter.

### **Aðrir styrktaraðilar auk Mengis og Sendiráðs Íslands í Berlín**

-Flugfélagið WOW air leggur til 25 flugmiða á milli Reykjavíkur og Berlínar.

-ÚTÓN hefur styrkt verkefnið um eina milljón króna.

### **Aðrir þátttakendur**

-Michelberger hótelið í Berlín verður með sérstakt tilboðsverð á hótélherbergjum til tónlistarmanna sem fram koma á dagskránni. Hótelið halda reglulega tónleika og erum við í samtali við þá um frekara samstarf, hvað varðar aukatónleikahald og tengslanet.

-Tónlistarbloggsíðan Jajaja sem starfrækir mánaðarleg klúbbakvöld með norrænum ónlistarmönnum í London, Berlín og Hamborg mun í samstarfi við okkur halda árlegt jólapartý sitt 7. desember.

-Oslo Kaffibar mun opna nýtt kaffihús í Fellehus á opnunardegi sýningarinnar, 14. október, 2016. Þar verða seldar plötur frá Mengi og spiluð íslensk tónlist á meðan kaffihúsið verður opið. Seldir verða drykkir og boðið upp á íslenskar veitingar þegar viðburðir verða í húsinu.

-**Crack Magazine** mun sinna umfjöllun um sýninguna og viðburði henni tengdri. Blaðið er prentað í 40.000 eintökum og er dreift ókeypis í Bretlandi og í Berlín. Í blaðinu er fjallað um tónlist, list og tísku.

-**Morr Music** plötuútgáfa sem hefur gefið út plötur með fjölmörgum íslenskum tónlistarmönnum og gefur ásamt Mengi út plötuna Fantomas með hljómsveitinni amiinu sem út kemur í nóvember næstkomandi.

-**Crack Magazine** mun sinna umfjöllun um sýninguna og viðburði henni tengdri. Blaðið er prentað í 40.000 eintökum og er dreift ókeypis í Bretlandi og í Berlín. Í blaðinu er fjallað um tónlist, list og tísku.

-**380grad**. Þýskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í tónlistarráðgjöf, framleiðslu og stjórnun.

-**SpectreVision**. Kvikmynda, sjónvarps og leikjaframleiðandi.

-**Electronic Beats**. Tónlistartímarit, útvarpsstöð og vefsíða.

### Dagskrá í Felleshus (með fyrirvara um breytingar):

#### 14. október, 2016.

Kl. 18:00 Sýningaopnun og móttaka

Kl. 19:30 Tónleikar: **Skúli Sverrisson** og **Óskar Guðjónsson**

Kl. 20:15 Tónleikar: **Ólöf Arnalds** og **Skúli Sverrisson**

#### 3. - 6. nóvember, 2016

Kl. 15:00 Lífandi streymi og upptökur frá Mengi við Óðinsgötu á meðan á Iceland Airwaves stendur. Í Mengi munu koma fram Sóley Stefánsdóttir, hljómsveit Kippa kanínusar, Skúli Sverrisson, Ólöf Arnalds og fleiri.

#### 8. nóvember, 2016 EÐA 15. nóvember, 2016

Kl. 18:00 Creative City Talk með þátttöku Fríðu Bjarkar Ingvarsdóttur, Bjarna Gauks Sigurðssonar, Tim Renner, Dags B. Eggertssonar og Burkhard Kieker

#### 8. nóvember, 2016

Kl. 20:00 Tónleikar. **Jófríður Ákadóttir** og **Indriði Arnar Ingólfsson**

#### 14. nóvember, 2016

Kl. 20:00 Tónleikar. **Nordic Affect**

#### 15. nóvember, 2016

Kl. 20:00 Tónleikar. **Hildur Guðnadóttir**

#### 7. desember, 2016

Kl. 20:00 JAJAJA jólapartý og tónleikar með **dj. flugvél og geimskip**

#### 6. janúar, 2017

Kl. 18 og kl. 21 Tónleikar og kvikmyndasýning. Hljómsveitin **amiina** flytur frumsamda tónlist við kvikmyndina **Fantômas (1913)**. amiina skipuð Sólrúnu Sumarliðadóttur, Guðmundi Vignir Karlssyni, Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur og Magnúsi Trygvasyni Eliassen.

#### 10. janúar, 2017

Kl. 10:00-15:00 Vinnustofa fyrir tónlistarmenn. Hilmar Jensson og Skúli Sverrisson.

Kl. 17:00

Vinnustofa og málþing um kvikmyndatónlist og leiðir fyrir tónlistarmenn til að koma tónlist sinni á framfæri við kvikmyndaframleiðendur og útgefendur. Mögulegir þátttakendur: Jóhann Jóhannsson, Hildur Guðnadóttir, Sigurður Magnús Finnsson, Asterix David Westphal, Herdís Stefánsdóttir, Sven Hasenjager og fleiri.

**11. janúar, 2017**

**Lokadagur. Crisis Meeting & Saumur**

19:30

**Crisis Meeting** með leikhópnum **Kriðpleir** (Friðgeir Einarsson, Árni Vilhjálmsson, Ragnar Ísleifur Bragason).

21:00

Lokahóf

21:30

Tónleikar. **Saumur** (Arve Henriksen, Hilmar Jensson, Skúli Sverrisson).

# MENGI (berlin)

creative and experimental cities

# MENGI(berlin)

A focus on the connected heartbeat and the interactive influence of two creative cultural cities, Berlin and Reykjavik.

Berlin has now for a long time been a hub for the creative arts and Icelandic artists have been moving there to drink up the artistic nourishment and motivation that the city has to offer for their own creative endeavours, and have in that way also contributed to the Berlin arts scene.

Reykjavik has also established a reputation in recent years for its' blossoming cultural- and arts scene so it can be assumed that the city's artists who moved to Berlin have brought new perspectives and ideas into Berlin as well. Furthermore the importance of the German artists who have chosen to live and work in Reykjavik has to be stressed, for inspiration and ideas need to come from different sources and places for art to blossom.





Mengi, an art space at Óðinsgata in Reykjavik, has from the beginning put emphasis on the grassroots scene in the Icelandic art world. For almost three years, it has cultivated an experimental and innovative scene, it has been a platform for artists to experiment and grow, to introduce the first stages, as well as 'fully formed' versions, of their work. Mengi has always been a place for different kind of art forms, and though music has played the biggest part in its programme it has also hosted film screenings, poetry readings, performance art, theatre works and visual art as many artists today work across fields and do not restrain themselves within one art form. Artistic quality is always at the forefront in Mengi's operations and events are selected by how they fit into its programme and vision. Mengi has collaborated with most of Reykjavik's arts festivals, including Reykjavik Dance Festival, Lókal, Sequences, Design March, Icelandic Airwaves, Tectonics, Reykjavik Midsummer Music and Iceland Academy of the Arts. The art space is operated all year round, that way guests always have access to a progressive and an exciting art programme all year round.

The Mengi events that will take place in Felleshus would be centred around artists who have performed regularly at Mengi from its beginning, as well as the Icelandic artists who live in Berlin and the international network they have in the city; What happens in the mutual space where Berlin and Reykjavik meet?

Mengi would be installed into a temporary space in Felleshus, and would serve as a platform for events and also contain a visual arts retrospective of Mengi's work since its founding, as well as an exhibition connected to the theme Reykjavik/Berlin. It would also serve as a space to present Mengi's new bookwork, especially made for this event, and to sell records and art that Mengi has released.



# EVENTS




## **SAUMUR: SKÚLI SVERRISSON, ARVE HENRIKSEN, HILMAR JENSSON**

A concert with three of the best Nordic improvisational musicians, Skúli Sverrisson, Hilmar Jensson and the Norwegian Arve Henriksen. They are all award winning, critically acclaimed artists who have performed all over the world. They have performed with a wide group of international artists and released multiple albums. The album Saumur is released via Mengi's record label, it contains music by the three artists, and this is the first time that these musicians collaborate together. Skúli and Hilmar have performed on many occasions at Mengi and Skúli is also one venue's founder and artistic director since it opened in December 2013. .

## DJ FLUGVÉL OG GEIMSKIP

Dj flugvél og geimskip is the stage name of singer songwriter Steinunn Eldflaug Harðardóttir. Her music has been described as horror electronica with a playful twist. Her new album is the acclaimed album Nótt á Hafsbötn, released by Mengi in 2015.



## ÓLÖF ARNALDS

Ólöf Arnalds is one of Iceland's most renowned musicians, who from the beginning of her career established a very personal and sincere tone in her music and lyrics. Ólöf has performed all over the world and released five solo albums. *Við og við* (2007) *Innundir skinni* (2010), *Ólöf Sings* (2011) *Sudden elevation* (2013) og *Palme* (2014). Later this year she will release a new album that she has been working on for quite some time. Ólöf has performed in Mengi on multiple occasions and is one of the venue's founder.




## JÓFRÍÐUR (JFDR)

JFDR, the latest project from Iceland's Jófríður Ákadóttir (Samaris, Pascal Pinon, Gangly), is a blend of cyclical guitar parts, soft minimal soundscapes, and poetic wonderings of a journey that ends where it began. Drawing from classical, folk, and electronic backgrounds, JFDR amalgamates the sounds of changing seasons, her voice a current that moves from rough seas to smooth waters. But perhaps JFDR shines the most in her capacity as a wordsmith, employing rich imagery to evoke the subtle emotions embedded in each song. Her first full length album, co-produced with legendary multi-instrumentalist Shahzad Ismaily, is set for release next year.



## HILDUR GUÐNADÓTTIR

The musician Hildur Guðnadóttir gained a lot of praise and attention for her personal and unique compositions, where her cello playing and singing are intertwined with electronic sounds. She has performed all over the world, and released widely acclaimed albums through the record label Touch. She has also made sound installations and worked with artists such as Hauscka, Wildbirds and Peacedrums, BJ Nilsen, Stilluppsteypu, Throbbing Gristle, Skúla Sverrisson, Jóhann Jóhannsson, Valgeir Sigurðsson and múm. Hildur has performed at Mengi many times, her first concert there being in the opening days of the venue in December 2013.





## INDRIÐI

Indriði Ingólfsson is a young Icelandic musician born of Reykjavík's DIY punk scene, performing regularly with the hardcore band Muck and collaborating with artists such as Úlfur Hansson (Klive), The Heavy Experience, and Jófríður Ákadóttir. "I wanted to take this project out of Iceland a bit," says Indriði. "I'm so bored of being here. If I wasn't in a romantic relationship with four guys that are my band then I wouldn't be in Iceland. I have a great need to explore by myself and experience different surroundings. Society here is so strange because it's so small and everybody knows each other—we're such a bubble. I really like going alone to different places."

The initial album spark came when he and Kristín Anna Valtýsdóttir (múm) presented an visual/audio installation during a residency in New York at the Clocktower Gallery (where the songs "Út" and "Guitarplay" were recorded) in the winter of 2013. That fall, the 24 year-old visual artist and guitar player returned to New York, this time setting up camp in the solitude of a forest upstate for ten days, where he experimented and recorded at Time Tree Studio. With friends and collaborators Aaron Roche (William Tyler, wordless music orchestra, R. Stevie Moore) and Alexandra Drewchin (Guardian Alien), they took walks in the woods, hung out, painted, and recorded very few takes straight to tape, learning analog production techniques as he went



## CRISIS MEETING

Crisis Meeting. The performance group Kriðpleir consists of Árni Vilhjálmsson, Friðgeir Einarsson and Ragnar Ísleifur Bragason. Their performances are curious combination for fiction and reality where different subject threads such as anarchy, television sitcoms and themes that are even reminiscent of Samuel Becket's work come together. The group's projects are many, and at times they seem impossible, but the member's desire for truth, social acknowledgement and respect moves mountains. Crisis meeting is an introduction to the weird world of Kriðpleir; a great opportunity for art lovers and business people to get to know the group's members better, and to watch them work while pondering the mysterious ways of performance arts. Crisis meeting was performed regularly in Mengi during winter 2015-2016.

## FANTÔMAS: AMIINA

The band amiina, Guðmundur Vignir Karlsson, Hildur Ársælsdóttir, Magnús Trygvason Eliassen and Maria Huld Markan Sigfúsdóttir, perform a film score for a silent French film from the year 1913, by director Louis Feuillade, about the ruthless serial killer Fantômas. The film is screened accompanied by the live music performance. They premiered this piece on Halloween 2013 in the renowned Théâtre du Châtelet in Paris for the film's centennial celebration.

Their work can be described as fragile and delicate but underneath suspense and drama lingers. Fantômas is amiina's fifth album, previously they released Kurr (2007), Puzzle (2010) and The Light House Project (2013).

Fantômas will be released via Mengi in the fall of 2016. Amiina, as well as members of the band, have performed at Mengi multiple times.





## NORDIC AFFECT

Icelandic ensemble Nordic Affect has been hailed for its “affectionate explorations” (BBC Music Magazine) and “commitment to their repertoire” (Classical Music). Founded in 2005, Nordic Affect has created a highly unique voice, which has earned the group international recognition. In 2013 the ensemble was nominated for the Nordic Council Music Prize and was named Performer of the Year at the Iceland Music Awards in 2014.

Nordic Affect (Halla Steinunn Stefánsdóttir, violin; Georgia Browne traverso; Guðrún Hrunn Hardardóttir viola; Hanna Loftsdóttir, cello; Guðrún Óskarsdóttir harpsichord) was formed by a group of period instrument musicians who were united in their passion for viewing familiar musical forms from a different perspective and for daring to venture into new musical terrain. Its members have individually performed and recorded with artists and groups such as The English Concert, Concerto Copenhagen, Anima Eterna Brugge, Orchestre des Champs-Élysées, and Björk.



## OTHER EVENTS

“Live” stream from Mengi during Iceland Airwaves.  
Playback of recordings from the previous night as part  
of Iceland Airwaves Off-Venue program.

Creative Cities talk with Dagur B. Eggertsson (TBC),  
Burkhard Kieker from Visit Berlin and other guests

Masterclass for musicians with Skúli Sverrisson and Hilmar Jensson

Music business masterclass for professionals on the topic  
of composing for films, sync and publishing matters.



**EXHIBITION**







## EXHIBITION OF MENGI DESIGN & ART

Ingibjörg Birgisdóttir & Orri Jónsson

Sara Riel

dj flugvél og geimskip

Kippi Kaninus





# COLLABORATORS

## **COLLABORATORS**

**CONFIRMED** Ministry of Foreign Affairs  
WOW Air  
Visit Berlin  
Oslo Kaffebar  
Noisy Store  
IMX  
JAJAJA  
Hustle PR

**UNCONFIRMED** RVK City  
Visit Reykjavik  
Morr Music  
Reykjavik Roasters  
Norwegian Embassy  
Crack Magazine

**MENGI**  
creative & experimental  
music & art

**PROJECT MANAGER**

Anna Rut Bjarnadóttir

**CURATOR**

Dóra Hrund Gísladóttir


**CONCEPT**

Mengi

[WWW.MENGI.NET](http://WWW.MENGI.NET)



Kammersveit Reykjavíkur  
Háahlíð 14,  
105 Reykjavík  
kammersveit@centrum.is



Borgarstjóri  
Dagur B. Eggertsson,  
Ráðhúsinu,  
101 Reykjavík.

Reykjavík 22. september 2016

Frá og með haustinu 2016 munu nýjir aðilar taka við forystu Kammersveitar Reykjavíkur af Rut Ingólfssdóttur. Til þess hafa valist þau Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari og Rúnar Óskarsson klarinettuleikari.

Rut hefur gegnt starfi fíðluleikara, konsertmeistara, listræns stjórnanda og framkvæmdastjóra frá stofnun sveitarinnar 1974 til dagsins í dag utan nokkurra ára eftir 2010.

Kammersveit Reykjavíkur hélt fyrstu tónleika sína á Þjóðhátíð í Reykjavík þ. 4. ágúst 1974. Þar sem tónleikarnir voru hluti af hátíðarhöldum vegna 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar var ókeypis inn á tónleikana og fylltist salurinn fjótt. Tónleikarnir voru því bæði góð kynning á starfinu sem var að byrja og góð vísbending um framtíðina.

Þorkell Sigurbjörnsson tónskáld segir í gagnrýni um þessa tónleika í Morgunblaðinu þ. 17. ágúst 1974:

„Ef þessir fyrstu tónleikar eru vísbending um framtíð þessarar starfsemi, þá er auðfundið, að hér hefur verið tundrað skært ljós í rúmi, þar sem hingað til hefur verið illa ratbjart. Það er vel og mega tónlistarunnendur borgarinnar hugsa með hlýhug og eftirvæntingu til þessa framtaks.“

Kammersveitin hefur nú í 42 ár staðið vaktina með efnisvali og verkefnum sem hvatt hafa félagi hennar til dáða og hlotið góðar undirtektir meðal gagnrýnenda og annarra áheyrenda. Tónleikar Kammersveitarinnar skipta hundruðum, í Reykjavík, úti um land og víða um heim.

Í afmælisriti á 40 ára afmæli Kammersveitarinnar sumarið 2014 segir Reynir Axelsson í grein sinni: „..... í hugum flestra er hún ein helzta stoðin í tónleikahaldi landsmanna, næst á eftir Sinfóníuhljómsveit Íslands“.

Á þessum tímamótum langar undirritaða til að skrá sögu Kammersveitarinnar frá byrjun til þessa dags því hún hefur átt hlutdeild í öllu því sem gert hefur verið í nafni Kammersveitarinnar frá byrjun og þekkir því söguna líklega betur en aðrir. Þarna gefst tækifæri til að segja frá stofnun Kammersveitarinnar, tónleikahaldi í áranna rás, verkum sem íslensk tónskáld hafa samið fyrir hana, upptökum og útgáfum þessarra verka og annarra, tónleikaferðum bæði innanlands og utan, tónleikastöðum áður en Harpa var byggð og hvernig farið var að til að halda starfseminni úti óslitið öll þessi ár þótt oft væri erfitt með styrki. Í byrjun bókarinnar verður kafli þar sem Þorkell Helgason stærðfræðingur segir frá aðkomu sinni í byrjun, en eiginkona hans var Helga Ingólfssdóttir samballeikari, einn stofnenda Kammersveitarinnar. Hér fylgir brot úr texta Þorkels:

Allt var mjög formfast í byrjun, kosin stjórn með Rut Ingólfssdóttur sem formann, en undirritaður fékk það hlutverk að vera útréttari sveitarinnar, eða „rótari“ eins og það heitir hjá poppsveitunum. Í frásögnum blaða var þetta hlutverk magnað upp í framkvæmdastjóra.

Margt var stúss útréttarans. Tvö dæmi:

- Eftirgrennslan í regluverki leiddi í ljós fá þurfti leyfi borgarstjórnar Reykjavíkur til að kenna starfsemi við heiti borgarinnar. Er til efs að margir hafi vitað af þessu eða hirt um slík leyfi, enda ófá fyrirtækin, þá og nú, sem veifa nafni borgarinnar. En leitað var leyfis og það fékkst. ...

Til útgáfu þessa verks sæki ég undirrituð fyrir hönd Kammersveitarinnar um styrk frá borgarráði að upphæð 800.000 króna. Stefnt er að því að bókin komi út fyrir júl 2016 þegar undirrituð kveður.

Með virðingu og þökk.

  
Rut Ingólfssdóttir